



Alþingi  
Erindi nr. P 132/1421

komudagur 22.3.2006

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

### Umsögn

Málsnr.: 0603110SA

Dags.: 20. mars 2006

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 111 /TFV

#### um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna

Með bréfi félagsmálanefndar Alþingis, dags. 7. mars sl., fékk Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 5, 6. mars 1998, um kosningar til sveitarstjórna, með síðari breytingum, 75. mál.

#### Um frumvarpið

Í frumvarpinu felst tillaga um að aukinn verði réttur kjósenda sem ekki eru færir um að kjósa á hefðbundinn hátt vegna sjónleysis eða þess að þeim sé hönd ónothæf.

Sambandið telur að hér sé um jákvæða breytingu á kosningalögum að ræða og leggur til að frumvarpið verði samþykkt á yfirstandandi þingi, þannig að það komi til framkvæmdar þegar við næstu sveitarstjórnarkosningar. Þó leggur sambandið til að við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

*„Sá er aðstoð veitir í kjörklefa samkvæmt 1. mgr. má ekki eiga sæti á framboðslista við viðkomandi kosningar.“*

#### Tillaga sambandsins um breytingu á 48. og 49. gr. kosningalaganna

Sambandið leggur til að við frumvarpið verði bætt nýrri grein, sem verði 2. gr., svohljóðandi: *„Fremst í 48. gr. laganna kemur nýr málslíður svohljóðandi: Kjörstjórnin skal sitja við borð í kjörfundarstofunni.“*

Þá leggur sambandið til að við frumvarpið verði bætt annarri grein, sem verði 3. gr., svohljóðandi: *„1. mgr. 49. gr. laganna fellur brott.“*

Í þessum breytingum felst það í raun að úr lögum um kosningar til sveitarstjórna falla brott orðin „Auk umboðsmanna lista má enginn vera inni í kjörfundarstofunni nema þeir kjósendur, einn á hvern kjörklefa, sem eru að greiða atkvæði.“

Ástæða þess að sambandið leggur til þessa breytingu er sú að með lögum nr. 27/2002 var lögum um kosningar til sveitarstjórna breytt á ýmsan hátt til að samræma þau betur ákvæðum laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis. Meðal þeirra breytinga sem gerðar voru var breyting á 54. gr. laga nr. 5/1998 til samræmis við 78. gr. laga um kosningar til Alþingis. Tilgangur breytingarinnar var ekki síst sá að gefa kjörstjórnnum tækifæri til að láta kosningu ganga hraðar með því að gefa fleiri kjósendum kost á að vera inni í kjörfundarstofu í einu. Það

markmið næst ekki fram meðan 2. málsliður 1. mgr. 49. gr. laganna stendur óhaggaður og er því mikilvægt að hann falli brott. Eftir sem áður mun kjörstjórn geta takmarkað þann fjölda sem í kjörfundarstofu er, sbr. 2. mgr. 54. gr. laganna.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri